

Dreifing
Óskar Gísli Sveinsson

27.08.2021

21123
Málsnúmer 202101461

Höfundur
Sigurjón B. Bjarnason

Yfirfarið/Samþykkt
SDD

Tilfni

Leikskóli í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ, hönnun

Niðurstaða útboðs

Inngangur

Tilboð í Leikskóli í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ – Hönnun, málsnúmer 202101461, voru opnuð 18. ágúst kl.14:00. Alls bárust tilboð frá eftirfarandi átta aðilum í verkið.

- Kanon arkitektar ehf.
- Efla ehf
- Yrki arkitektar ehf.
- ASK arkitektar ehf.
- VSB Verkfræðistofa ehf.
- Verkís hf.
- T.ark Arkitektar ehf.
- Ferill ehf.

Hæfi bjóðenda

Hæfi bjóðenda var metið í samræmi við gr. 0.4.6 *Meðferð og mat á tilboðum* í Útboðs- og samningsskilmálum útboðsgagna.

Allir ofangreindir bjóðendur skiluðu fullnægjandi gögnum til sönnunar á hæfi sínu og teljast þeir því allir uppfylla hæfiskröfur útboðsins.

Verðtilboð

Verðtilboð bjóðenda voru yfirfarin í samræmi við gr. 0.4.6 *Meðferð og mat á tilboðum* í Útboðs- og samningsskilmálum útboðsgagna.

Reiknivillur eða aðrar villur reyndust ekki vera fyrir hendi í tilboðum bjóðenda.

Eftirfarandi eru tilboðsfjárhæðir bjóðenda:

Bjóðandi	Heildartilboðsfjárhæð m/VSK	Hlutfall af kostnaðaráætlun
Kanon arkitektar ehf.	68.452.280	90,1%
Efla ehf.	74.330.000	97,9%
Yrki arkitektar ehf.	75.571.391	99,5%
ASK arkitektar ehf.	76.140.000	100,3%
VSB Verkfræðistofa ehf.	86.605.978	114,0%
Verkís hf.	88.600.000	116,7%
T.ark Arkitektar ehf.	105.869.678	139,4%
Ferill ehf	163.210.220	214,9%
Kostnaðaráætlun	75.950.000	100,0%

Niðurstöður

Sbr. töflu að ofan er Kanon arkitektar ehf. lægstbjóðandi og uppfyllir bjóðandinn jafnframt hæfisskilyrði útboðsins. Lagt er því til að samið verði við Kanon arkitekta ehf. um verkið.

Viðauki A – Samanburður á hæfi bjóðenda

Kröfur og skilgreiningar	Kanon	Efla	Yrki	ASK	VSB	Verkis	T.ark	Ferill
Upplýsingar um bjóðanda (A1) listi yfir nöfn og fjölda starfsmanna, þ.m.t. arkitekta, verk- og tæknifræðinga. Þar skulu fram koma allir þeir starfsmenn sem koma að verkefninu sem og aðrir starfsmenn þannig að hægt sé að sannreyna að lágmarksfjöldi starfsmanna sem gerð er krafa um sé uppfyllt sbr. kafla 0.1.5.3 Reynsla fyrirtækis.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Fjárhasstaða bjóðanda (A2) Bjóðandi getur fært sönnur á fjárhagslega getu sína með endurskoðuðum ársreikningum eða útdrætti úr þeim sem sýnir fram á framangreinda eiginfjárstöðu bjóðanda. Bjóðandi skal sýna fram á að hann sé í skilum með opinber gjöld Bjóðandi skal sýna fram á að hann sé í skilum með lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði	Já	Já	Já	Ekki óskað eftir gögnum	Ekki óskað eftir gögnum	Já	Já	Ekki óskað eftir gögnum
Gæðastjórnunarkerfi(A3) Bjóðandi skal hafa virkt gæðastjórnunarkerfi og skal lýsing þess lögð fram með útboði þessu. Gæðastjórnunarkerfið skal innihalda skilvirka verkferla fyrir gæðastjórnun sambærilegra framkvæmdaverkefna og hafa verið notað við slíkar framkvæmdir á síðastliðnum þremur árum.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Reynsla af fyrri verkum(A4) Bjóðandi í forsvari fyrir hönnunarhóp skal hafa lokið hönnun a.m.k. 2 sambærilegra verkefna á síðastliðnum 10 árum. Til sambærilegra verkefna teljast nýbyggingar og viðbyggingar leikskóla eða grunnskóla sem eru a.m.k. 750m ² .	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Hönnunarstjóri(A5) Hönnunarstjóri skal hafa a.m.k. 10 ára almenna starfsreynslu sem arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur, eftir því sem við á. Tilgreina skal heiti verkefnis, nafn verkkaupa og tengiliðs sem hafa má samband við til að vegna umsagnar um Hönnunarstjóra Hefur heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Arkitekt(A6) Arkitekt og að lágmarksstarfsaldur við hönnun í faginu sé 10.ár. Arkitekt skal hafa á síðastliðnum 10 árum unnið við a.m.k. 2sambærileg verkefni fyrir opinberan aðila. Arkitekt skal vera löggildur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og að hann hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já

Kröfur og skilgreiningar	Kanon	Efla	Yrki	ASK	VSB	Verkís	T.ark	Ferill
Landslagsarkitekt(A7) Skal vera með 10 ára reynslu og menntun sem landslagshönnuður Skal hafa verið aðalhönnuður á lóðum >4000 m ² á s.l. 5 árum.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Hönnuður jarðtækni(A8) Skal vera verk- eða tæknifræðingur á sviði jarðtækni, lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg menntun og að viðkomandi hafi heimild til að skila inn séruppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Ísland. Gerð er krafa um að viðkomandi sé með 10 ára reynslu í faginu og unnið við a.m.k. 2 sambærileg verkefni fyrir opinberan aðila og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Hönnuður burðavirkja (A9) Skal vera byggingarverkfræðingur - eða byggingartæknifræðingur, lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg menntun og að viðkomandi hafi heimild til að skila inn séruppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Ísland. Gerð er krafa um að viðkomandi sé með 10 ára reynslu í faginu og unnið við a.m.k. 2 sambærileg verkefni fyrir opinberan aðila og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Hönnuður lagna-og loftræstikerfa(A10) Skal vera verk- eða tæknifræðingur á sviði loftræsingar(véla)lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg menntun og að viðkomandi hafi heimild til að skila inn séruppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Ísland. Gerð er krafa um að viðkomandi sé með 10 ára reynslu í faginu og unnið við a.m.k. 2 sambærileg verkefni fyrir opinberan aðila og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já

Kröfur og skilgreiningar	Kanon	Efla	Yrki	ASK	VSB	Verkís	T.ark	Ferill
Brunatæknileg hönnun(A12) Skal vera verk- eða tæknifræðimenntaður á sviði hljóðvistarhönnunar. Lágmarks-menntun er BSc/BA gráða eða sambærilegt .	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Hljóðtæknihönnuður(A13) Skal vera verk- eða tæknifræðimenntaður á sviði hljóðvistarhönnunar. Lágmarks-menntun er BSc/BA gráða eða sambærilegt.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
BIM stjóri(A14) BIM ráðgjafi sé með sérþekkingu á BIM og tekið þátt í a.m.k. 2 verkefnum sem hafa notast við BIM líkön frá öllum hönnunar fagsviðum þar sem eru flókin tæknikerfi.	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
	68.452.280	74.330.000	75.571.391	76.140.000	86.605.978	88.600.000	105.869.678	163.210.220

